



**Krabbameinsfélag**  
Akureyrar og nágrennis



**ÁRSSKÝRSLA 2019**



Stofnað 21. nóvember 1952

**Skrifstofa:**

Glerárgötu 34 - 2.hæð  
600, Akureyri  
S: 461-1470

Netfang: [kaon@krabb.is](mailto:kaon@krabb.is)

[www.kaon.is](http://www.kaon.is)

Ábyrgðarmaður: Halldóra Björg Sævarsdóttir

Hönnun og umbrot: María Rut Dýrfjörð

Maí 2020

## EFNISYFIRLIT

<b>1. MANNAUÐUR</b>	<b>4</b>
1.1. Stjórn	4
1.2. Starfsfólk	4
1.3. Sjálfbóðaliðar	4
<b>2. FUNDIR</b>	<b>5</b>
2.1. Stjórnarfundir	5
2.2. Aðalfundur Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis	5
2.3. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands	5
2.4. Samráðsfundir	5
2.5. 2.5 Formannafundur	5
<b>3. ÞJÓNUSTA OG STARFSEMI</b>	<b>5</b>
3.1. Opnunartími	5
3.2. Viðtöl og þjónusta Eirbergs	5
3.3. Hópastarf	5
3.4. Námskeið	6
3.5. Endurhæfing	6
3.6. Viðburðir	7
3.7. Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík.	7
<b>4. AÐSÓKN</b>	<b>8</b>
<b>5. FJÁRAFLANIR OG STYRKIR</b>	<b>8</b>
<b>6. HÚSNÆÐI</b>	<b>8</b>
<b>7. KYNNINGARMÁL</b>	<b>9</b>
7.1. Fjölmiðlar	9
7.2. Vefur	9
7.3. Samfélagsmiðlar	9

# ÁRSSKÝRSLA 2019

## 1. MANNAUÐUR

### 1.1. Stjórn

Eftirtaldir aðilar skipa stjórn Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis

<b>Guðrún Dóra Clarke</b>	Formaður
<b>Sigríður Þorsteinsdóttir</b>	Varaformaður
<b>Védís Birgisdóttir</b>	Gjaldkeri
<b>Marta Kristín Jónsdóttir</b>	Ritari
<b>Brynjólfur Ingvarsson</b>	Meðstjórnandi
<b>Anna Hulda Júlíusdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Elva Sigurðardóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Jenný Valdimarsdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Jóna Arnórsdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Víðir Jónsson</b>	Áheyrnarfulltrúi

### 1.2. Starfsfólk

Starfsmenn eru fjórir og skipta á milli sín 3,65 stöðugildum í byrjun árs. Framkvæmdastjóri, Halldóra Björg Sævarsdóttir textílkennari og jafningjastuðningsfulltrúi í 100% stöðu, Katrín Ösp Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur í 85% stöðu. Regína Ólafsdóttir sálfræðingur í 80% stöðu og Eva Björg Óskarsdóttir grafískur hönnuður í 100% stöðu en hún sér um net, kynningar- og markaðsmál. Félagið greiðir 15% stöðugildi fyrir Katrínu.

Gerður var samstarfssamningur við Krabbameinsfélag Íslands í janúarbyrjun þar sem KÍ tryggir faglegan og fjárhagslegan grundvöll fyrir starfi heilbrigðisstarfsmannanna tveggja við ráðgjöf hjá KAON með m.a. greiðslu launa og launatengdra gjalda fyrir 1,5 stöðugildi, reglulegri tengingu við faglegt bakland í Ráðgjafarþjónustu KÍ í Skógarhlíð og greiðslu á föstum starfsmanna- og rekstrartengdum kostnaði.



### 1.3. Sjálfbóðaliðar

Eftirfarandi sjálfbóðaliðar tóku virkan þátt í starfi félagsins:

Brynjólfur Ingvarsson geðlæknir, umsjón með jafningjastuðningi fyrir karla. Magnfríður Sigurðardóttir, umsjón með leshóp.

## 2. FUNDIR

### 2.1. Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 9 bókaða stjórnarfundum á árinu 2019.

### 2.2. Aðalfundur Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis

Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 23.apríl 2019. Stjórn lagði fram tillögu um að árgjald til félagsins yrði 3.500 kr. og var sú tillaga samþykkt. Breytingar urðu á stjórn er sex nýir meðstjórnendur komu inn. Einnig er einn áheyrnarfulltrúi.

### 2.3. Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis átti 5 fulltrúa á aðalfundi KÍ að þessu sinni.

### 2.4. Samráðsfundir

Starfsmenn sóttu einn samráðsfund starfsmanna svæðaskrifstofa KÍ.

### 2.5. Formannafundur

KAON átti tvo fulltrúa á formannafundi KÍ árið 2019.

## 3. ÞJÓNUSTA OG STARFSEMI

Starfsemi félagsins miðar að því að þjónusta krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Mjög öflug starfsemi var rekin á vegum og í tengslum við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis á árinu. Skráðar heimsóknir á skrifstofu félagsins hafa aukist til muna og voru um 1.750. Þetta eru einstaklingar sem sækja í viðtöl, Eirbergspjónustu, hópastarf, námskeið og hádegisfræðslu. Á haustönn kom inn starfsmaður frá Krafti í 30% starf sem heldur utan um starfsemi þeirra og viðburði tengda þeim.

### 3.1. Opnunartími

Frá 1.janúar 2019 var opið á skrifstofunni mánudaga til fimmtudaga frá kl. 13:00 til 16:00, auk þess sem boðið var upp á viðtalstíma utan opnunartíma. Frá 1.september var þjónustan aukin og er opnunartími nú frá kl. 10:00-16:00

### 3.2. Viðtöl og þjónusta Eirbergs

Krabbameinsgreindir og aðstandendur þeirra gátu óskað eftir viðtalstíma í Ráðgjafarþjónustunni eða í jafningjastuðning. Þjónustan er skjólstæðingum að kostnaðarlausu. Að auki geta konur sem hafa farið í brjóstnám eða fleigskurð pantað tíma í þjónustu Eirbergs þar sem hjúkrunarfræðingur félagsins sér um mælingu, ráðgjöf og mátun.

### 3.3. Hópastarf

Fjölbreytt hópastarf var í boði á vegum félagsins á liðnu ári.

#### 3.3.1 Skapandi handverk og spjall - konur

Skapandi handverk og spjall er í boði alla fimmtudaga frá kl. 13-16 og hefur verið mjög vel sótt. Umsjón hefur Halldóra Björg Sævarsdóttur textílkennari og er boðið upp á samveru þar sem fólk getur komið með handavinnu og spjallað saman yfir kaffibolla. Auk þess sem sérstök fræðsla um valin verkefni hefur verið nokkrum sinnum í vetur í tengslum við handverkið. Í boði hefur verið útsaumur, hekl, vatnslitámálun, málaðar Mandölur o.m.fl.

### 3.3.2 Kátir Karlar

Jafningjastuðningur fyrir karla er alla laugardaga. Hópurinn hittist undir leiðsögn Brynjólfs Ingvarssonar sem leiðir hópinn í spjalli, stuðning og umræðum. Kaffi hefur verið á vegum félagsins auk þess sem karlarnir sjálfir leggja mikið upp úr að mæta með gott bakkelsi.

### 3.3.3 Hádegisfræðsla

Starfsmenn sinna ýmiss konar fræðslu sem tengjast forvörnum, stuðningi og kynningu á starfsemi félagsins, fyrir hópa, einstaklinga og heilbrigðisstarfsfólk. Opin hádegishittingur var á þriðjudögum fyrir hópa s.s nýgreinda, aðstandendur og svo Norðan –Kraft sem er hópastarf fyrir yngra fólkið (18-45 ára) á vorönn. Boðið hefur verið upp á streymi þegar Ráðgjafarþjónustan hefur verið með fræðslu og einnig þegar fræðsla er hjá Krafti. Hefur það gefist vel og umræður skapast eftir fræðsluna. Einnig var streymi frá Ráðgjafarþjónustunni á miðvikudögum einu sinni í mánuði og svo fræðsla á okkar vegum einu sinni í mánuði á miðvikudögum og boðið var upp á súpu og brauð.

### 3.3.4 Leshópur

Leshópur hittist reglulega í spjalli um bækur sem hópurinn valdi í sameiningu.

## 3.4. Námskeið

Ýmis námskeið voru haldin á árinu. Þar ber helst að nefna:

### 3.4.1 Barnanámskeið

Börn tengd krabbameinsgreindum fengu leiðsögn á vegum Rósu Mattíasdóttur við sköpun verka byggða á tilfinningum tengdum þeim aðstæðum sem þau voru í.



### 3.4.2 Fjölskyldunámskeið

Jonna hélt námskeið fyrir fjölskyldur.

### 3.4.3 Út í lífið - karlar

Praktískt námskeið fyrir krabbameinsgreinda karlmenn. Stuðst við HAM meðferð.

### 3.4.4 Út í lífið - konur

Praktískt námskeið fyrir krabbameinsgreindar konur. Stuðst við HAM meðferð.

### 3.4.5 Ungt fólk og krabbamein

Fastir viðburðir fyrir ungt fólk með krabbamein.

## 3.5. Endurhæfing

### 3.5.1 Vatnsleikfimi

Vatnsleikfimi í innilaug Sundlaugar Akureyrar tvisvar í viku sem Sigrún Jónsdóttir sjúkraþjálfari sér um.

### 3.5.2 Sjúkraþjálfun

Einstaklingsþjálfun í samstarfi við sjúkraþjálfara á Bjargi tvisvar í viku.

### 3.5.3 Jóga

Yoga sem Arnbjörg er með var alla miðvikudaga á vorönn í húsnæði Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis, en á haustönn var boðið upp á Yoga í húsnæði Óms-Gongseturs alla fimmtudaga.

## 3.6. Viðburðir

Félagið skipulagði og/eða tók þátt í eftirtöldum viðburðum:

### 3.6.1 Hruturinn

Samhliða Motturmars stóð Krabbameinsfélag Akureyrar og Nágrennis fyrir Hrutnum í samstarfi við Akureyrarbæ. Aðalviðburður Hrutnsins var málþing haldið í Hofi. Á dagskrá málþingsins voru fjölbreyttir fyrirlestrar og skemmtiatriði.

### 3.6.2 LÝSA

Félagið tók þátt í LÝSA, rokkhátíð samtalsins og var með kynningu á félaginu á viðburði í Hofi.

### 3.6.3 Bleikur Október

Starfsmenn voru sýnilegir á viðburðum á vegum bleiku slaufunnar og tóku meðal annars á móti veglegum styrk á Bleiku Kvöldi á Icelandair Hotel. Þá var haldið bleikt boð í húsi félagsins.

### 3.6.4 Bleikur Október

Jólagleði var haldin í húsi félagsins fyrir ungmenni og aðstandendur.

### 3.6.5 Kynningar

Félagið hélt kynningar og/eða fyrirlestra fyrir ýmis góðgerðarfélög og fyrirtræki.

### 3.6.6 Málþing - börn og krabbamein

Málþing haldið í sal Lions klúbbsins Hængs.

## 3.7. Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis styrkir skjólstæðinga með greiðslum fyrir afnot af íbúðum og dvöl á sjúkrahótelu að fullu og er þetta alltaf verulega stór útgjaldaliður hjá félaginu. Frá og með haustinu greiðir félagið einnig fyrir gistingu fyrir fylgdarmann á nýja sjúkrahótelinu.



#### 4. AÐSÓKN

Skráð viðtöl, símtöl og annar stuðningur við skjólstæðinga og aðstandendur undir liðnum samkipti eru 3.000 talsins árið 2019. Það var gert átak í skráningum árið 2018 svo tekið skal fram að samanburður við fyrri ár er erfiður og mögulega skekkja í honum. Eins skal tekið fram að skráning í gestabók sem reynt er að styðjast við gæti verið vanskráð, það eru ekki allir sem muna eftir að skrá sig í bókina svo tölur þar gætu verið mun hærri.

#### 5. FJÁRAFLANIR OG STYRKIR

Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggir alfarið á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja. Auk styrkja úr hinum ýmsu sjóðum hlaut félagið styrk úr Velunnarasjóði Krabbameinsfélags Íslands sem kostar m.a. námskeið fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra og hluta af grunnkostnaði félagsins. Félagsgjöld þeirra sem eru félagar í Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis er auk þess ein af meginstöðum þess, en árlega greiða u.þ.b. 1.100 manns félagsgjöld. Þá kjósa æ fleiri að greiða fastann mánaðarlegan styrk til félagsins.

Góðgerðarfélag, fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt félaginu lið, ýmist með sérstakri gjöf, sölu varnings til styrktar félaginu eða með því að koma á fót söfnunum. Þá hefur félagið haft tekjur af sölu minningarkorta og smávægilegs varnings.

Þessi velvild og stuðningur sem allir þessir fjölmörgu aðilar sýna okkur er ómetanlegur og gerir okkur kleift að styðja á margvíslegan hátt við bakið á þeim íbúum á okkar félagssvæði sem greinast með krabbamein og aðstandendum þeirra. Öllum þessum aðilum færum við innilega þakkir. Án þessa stuðnings væri þetta ekki mögulegt.



#### 6. HÚSNÆÐI

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis leigir húsnæði í Glerárgötu 34 sem er um 230 fermetrar. Þar er rými fyrir 3 skrifstofur, fjölnota herbergi sem nýtist fyrir hópstarf og ýmiskonar fræðslur, móttaka, tvö viðtalsherbergi og opin aðstaða sem rúmar um 40-50 manns. Stomasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.



#### 7. KYNNINGARMÁL

##### 7.1. Fjölmiðlar

Starfsmenn hafa átt mjög góð samskipti við fjölmiðla á félagssvæðinu og hafa bæði birst viðtöl í dagblöðum og tímaritum, auk þess sem allir starfsmenn hafa komið oftar en einu sinni í sjónvarpsviðtöl vegna ýmissa viðburða sem tengjast t.d. starfsemi félagsins auk þess að vekja athygli á ýmsu sem hefur verið ofarlega á baugi í almennri umræðu í þjóðfélaginu. N4 sjónvarp hefur verið alveg stórkostlegt með að kynna starfsemi okkar og koma til móts við kostnað vegna auglýsinga t.d. í N4 -dagskránni. Færum við þeim bestu þakkir fyrir.

##### 7.2. Vefur

Vefsíða félagsins er með lénið [www.kaon.is](http://www.kaon.is) og er keyrð á MOYA vefumsjónakerfi. Á vefsíðunni má m.a. finna viðburðardagatal, fréttir frá félaginu, gagnlegt efni fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra ásamt upplýsingum um starfsmenn og þjónustu félagsins.

Heimsóknum inn á vef félagsins fækkaði á milli ára. Árið 2018 skoða 6.237 manns vefinn, en síðastliðið ár 5.253. Er fækkunin talin skýrast á því að árið 2018 flutti félagið í nýtt húsnæði og fylgdi því mikil aukaumfjöllun.

	2018	2019
Janúar	564	245
Febrúar	819	177
Mars	528	274
Apríl	817	484
Mái	1.201	274
Júní	89	216
Júlí	66	122
Ágúst	301	332
September	300	382
Október	367	556
Nóvember	1.003	1300
Desember	182	891
Samtals	6.237	5.253

##### 7.3. Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar skipa orðið stórt hlutverk í sýnileika félagsins og nálgun þess við skjólstæðinga. Félagið heldur úti síðu á Facebook og miðlar þar upplýsingum um starfsemi félagsins, gagnlegum upplýsingum frá Krabbameinsfélagi Íslands, tilkynningum um breytta opnunartíma osfrv.

Í lok árs 2018 var félagið með 1.355 fylgjendur á Facebook og í lok árs 2019 1.491 fylgjendur, sem gerir aukningu um 136 manns milli ára.



**Krabbameinsfélag**  
Akureyrar og nágrennis